



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

8. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Brún við Írafoss 11. apríl 2023 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

#### 1. Hátíðarhöld á þjóðhátíðardegi Íslands, 17. júní 2023.

- Nefndin ætlar að athuga með Magnús Kjartansson sem tónlistaratriði
- Staðfest að sveitarfélagið kaupir pylsur. Einar matráður sér um innkaup.
- Óskað verður eftir því að Vinnuskóli sveitarfélagsins verði á Sólheimum vikuna fyrir 17. júní til að hjálpa til við undirbúning.
- Auglýsing um nýja staðsetningu á hátíðarhöldunum verður sett í Hvatarblaðið í maí.

Auglýsing:

**17. júní hátíðarhöldin verða á Sólheimum í ár vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttahúsið. Dagskráin verður auglýst í Hvatarblaðinu í júní.**

- Gera plakat með dagskránni og upplýsingum um nýja staðsetningu og hengja upp á helstu stöðum í sveitarfélaginu.

#### 2. Næstu fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn í Stjórnsýsluhúsinu að Borg 24. apríl klukkan 17:00.

Valgeir F. Backman verður boðaður á fundinn undir liðnum um 17. júní.

#### 3. Vinna við Atvinnumálafundum Uppsveitanna

- Athuga þarf að fá leiðréttu pósthúsið í sveitarfélögunum í uppsveitunum þannig að 805 Selfoss verði 805 Grímsnes- og Grafningshreppur og svo framvegis. Að Selfoss sé hluti af pósthúsinu skapar rugling og utanaðkomandi telja oft að fyrirtæki og þjónusta séu staðsett á Selfossi. Þetta myndi efla jákvæða ímynd svæðisins.



### Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

- b. Skoða þarf hjá sveitarfélaginu að auka markaðssetningu á þeim möguleikum og tækifærum sem eru í sveitarfélaginu.
- c. Bæta má í aðgerðaráætlun og markmið að þrýsta á um auknar og bætтар almenningssamgöngur og uppbyggingu vegakerfisins.
- d. Nefndin er ánægð með vinnuna við atvinnumálastefnuna og þá samvinnu sem hefur verið milli sveitarfélagana í samstarfshópnum.

#### 4. 25 ára afmæli Grímsnes- og Grafningshrepps

Nefndin athugar með samstarf við Hjálparsveitina Tintron um afmælisball.

Fundi slitið klukkan 18:57